

## Nánar um meðferð persónuupplýsinga

Tryggingastofnun stjórnar með ábyrgum hætti öryggi og vernd persónuupplýsinga sem stofnunin hefur í vörslu sinni og ábyrgist að persónuupplýsingar sem stofnunin hefur í umsjón sinni verði varðveittar á tryggan hátt og að enginn óviðkomandi aðili hafi aðgang að þeim. Persónuupplýsinga er einungis aflað í skýrt tilgreindum tilgangi og vinnsla þeirra takmörkuð við það sem er nauðsynlegt. Þá skulu upplýsingarnar vera áreiðanlegar, uppfærðar eftir þörfum og varðveittar á öruggan hátt. Stofnunin starfar að öllu leyti í samræmi við lög og reglur sem gilda um persónuvernd.

Til að tryggja ofangreint hefur stofnunin gert m.a. eftirfarandi ráðstafanir:

### 1. Aðgangsstýringar:

Aðgangur að upplýsinga- og tölvukerfum stofnunar er stýrt þannig að starfsmenn hafa einungis aðgang að þeim kerfum og málum sem þeir þurfa til að sinna starfi sínu svo sem aðgang að viðkvæmum persónuupplýsingum.

### 2. Upplýsingaöryggisstefna:

Sett hefur verið upplýsingaöryggisstefna þar sem fram kemur að stofnunin varðveiti og hámarki öryggi upplýsinga og verji upplýsingar í vörslu TR fyrir innri og ytri ógnum, hvort sem þær stafa af ásetningi eða gáleysi.

### 3. Verklagsreglur við öryggisbrot:

Stofnunin hefur sett sér verklagsreglur um hvernig starfsmenn skuli bregðast við verði öryggisbrot eða grunur um öryggisbrot.

### 4. Varðveisla gagna:

Gögn eru varðveitt með öruggum hætti í tölvu- og upplýsingakerfum stofnunarinnar skv. sérstökum reglum þar um og í til þess gerðri geymslu, ef um pappír er að ræða.

Gögnum er ekki eytt nema með grisjunarheimild frá Þjóðskjalasafni en stofnuninni ber að varðveita gögn sín sbr. lög um opinber skjalasöfn en stofnunin er skilaskyld til Þjóðskjalasafns.

### 5. Þagnarskylda og fræðsla um mikilvægi persónuverndar:

Allir starfsmenn eru bundnir þagnarskyldu um það sem þeir verða varir við vegna vinnu sinnar. Þeir undirrita heit um þagnarskyldu er þeir hefja störf hjá stofnuninni. Auk þess undirrita þeir sem hafa aðgang, starfs sín vegna, að viðkvæmum persónuupplýsingum sérstaka yfirlýsingu um þagnarskyldu.

Starfsmenn fá einnig reglulega fræðslu um meðferð gagna og mikilvægi persónuverndar.